

**Mál nr. 365/2021****M og  
V v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjórans X  
Ágreiningur um tjónshugtak.****Gögn.**

Málskot, mótttekið 22. september 2021, ásamt fylgigögnum.  
Tölvupóstur V, dags. 1. október 2021.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að V samþykkti að greiða bætur úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra í byrjun árs 2018 vegna tjóns á svefnálmum nýbyggingar veiðihúss frá árinu 2017. Á árinu 2020 kom upp eins og segir í málskoti „...sambærilegt vandamál..“ í svokölluðu vöðluherbergi í veiðihúsinu sem var ekki á sama stað og hið fyrri. M tilkynnti V um það tjón í desember 2020 og krafðist bóta vegna þess. Hinn 8. janúar 2021 hafnaði V að greiða bætur með vísan til þess að greiðsla bóta í febrúar 2019 hafi falið í sér endanlegt uppgjör vegna tjónsins.

M telur að tjón það sem kom upp á árinu 2020 sé nýtt tjón sem hafi ekki verið samið um greiðslu vegna á árinu 2018. M bendir á að annað tjón sem viðurkennd hafi verið bótaskylda vegna hafi verið greitt og hafi það ekki verið hluti af því tjóni sem nú sé krafist bóta vegna. Þá hafi verið um tjón í svefnherbergisálmum að ræða en nú í vöðluherbergi, sem sé ekki á sama stað. M hafi því ekki verið að semja um uppgjör á árinu 2018 vegna annars en tjóns á svefnherbergisálmum.

V hefur hafnað því að greiða frekari bætur og vísar til þess að með kvittun fyrir bótagreiðslu í febrúar árið 2019 hafi verið ritað undir eftirfarandi yfirlýsingu af hálfu M: „[V] hefur greitt undirrituðum bætur vegna ofangreinds tjóns samkvæmt eftirfarandi sundurliðun. Móttakandi staðfestir að neðangreind fjárhæð er lokagreiðsla vegna þessa tjóns og allar kröfur vegna málsins eru að fullu greiddar. Tjónþoli gerir fyrirvara vegna mögulegs kostnaðar Mannvits sbr. bréf Mannvits 12.09.18“ V telur að frekari bótagreiðslur úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans X komi því ekki til.

**Álit.**

Ljóst er af gögnum málsins að greiðsla bóta úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans X í febrúar 2019 var innt af hendi á þeim forsendum að tiltekið tjónsatvik, þ.e. að byggingarstjóri hafi vanrækt skyldur sína með ákveðnum hætti, hafi leitt til tjóns á húseign M. Í málskoti er á því byggt að sama tjónsatvik hafi nú leitt til víðtækara tjóns en þess sem greiddar voru bætur vegna árið 2019. Í bótaskvittun samþykkti M að greiðslan væri „...lokagreiðsla vegna þessa tjóns og allar kröfur vegna málsins eru að fullu greiddar.“ M byggir sjálf á því að um sé að ræða sama tjónsatvik og er því ekki hægt að líta öðruvísi á málalíbúnað þess en að um sambærilega kröfu og sett var fram á árinu 2018 sé að ræða, þó nú sýnist afleiðingar þess tjónsatviks víðtækari en áður. Enginn fyrirvari var gerður af hálfu M um frekari bótaskvittun vegna mats á umfangi tjóns í samningi um bótaskvittun á árinu 2019 og verður ekki litið svo á að um annað tjón sé að ræða. M getur því ekki gert frekari kröfur vegna tjónsatviksins á V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á frekari bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans X hjá V

Reykjavík, 26. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur S. Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.